

Nd.

43. Frumvarp til laga

[41. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45/1950.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson,
Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað orðanna „Helsingur rekstrarkostnaðar“ í III. lið 11. gr. laganna komi:
 $\frac{7}{10}$ rekstrarkostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumv., um þetta efni, var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar skurðgröfurnar fluttust hingað til landsins og tóku til starfa, kom skriður í framræsluna. Þessi tæki eru afkastamikil, eins og kunnugt er, þar sem landið er auðvelt til vinnslu. Hins vegar torveldar það mikið framræsluna, ef jarðvegur er mjög grýttur, eins og er því miður víða, og verður sú framræsla dýr, þótt með stórvirkum tækjum sé.

Allir vita, að langþýðingarmesta atriðið við túnrækt á votri jörð er að þurrka landið sem allra bezt. Þar sem jörð er mjög votlend og hallalítill, þarf skurðakerfið um landið að vera mikið og þétt. Slik framræsla hlýtur jafnan að verða dýr, en eigi að síður óhjákvæmileg, svo framarlega sem túnrækt á að verða möguleg á slíku landi. Nú er mjög víða um landið enginn möguleiki á að stækka túnin eða auka túnræktina, nema landþurrkun fari fyrst fram. Verulega aukin túnrækt byggist fyrst og fremst á því. Sé það ekki gert, verður lítið um aukna túnrækt að ræða. Það er þó áreiðanlega langþýðingarmesta umbótin í búskap landsmanna að auka túnræktina verulega frá því, sem enn er orðið.

Reynsla tveggja síðustu ára, sem verið hafa allhörð og erfið landbúnaðinum, sýnir ótvírætt, að vel ræktuð tún og vel hirt gefa allmikið gras, hvernig sem viðrar, þó að það sé nokkuð háð veðráttunni, hvað tímanlega þau eru sprottin.

Ef túnræktin hefði ekki verið komin lengra áleiðis en var fyrir 12—15 árum, svo að ekki sé vitnað lengra aftur í tímann, mundi afkoma bænda hafa orðið afar ill tvö síðustu árin, og er ekki gott að gera sér grein fyrir, hvernig fram úr því hefði verið ráðið.

Þessi reynsla ætti að vera mönnum hvöt til að auka túnræktina svo sem frekast er unnt. Ríkissjóður styrkir framræsluna til helminga. Við leggjum til, að ríkið styrki skurðgröftinn að $\frac{7}{10}$ hlutum (70% kostnaðar). Jöfnun ruðnings styrkir ríkið ekki að neinu leyti. Sá kostnaður er þó víða allmikill. Dæmi eru til um það, að styrkur sá, er ríkið greiðir á skurðagerðina, hefur nærri að $\frac{3}{4}$ farið í kostnað við að jafna ruðningnum við skurðina. Verður þá skurðagerðin bændum dýr, og mun mörgum þeirra reynast ókleift að halda slíkum verkum áfram, og er slíkt illa farið og hættulegt.

Á það ber líka að lita, að sá, er framkvæmir þessi verk, nýtur þeirra oft og einatt stutta stund, þótt hann leggi mikið fé og fyrirhöfn í slíkar umbætur. Aðrir njóta þessara verka miklu meira. Þetta er fyrir langa framtíð gert og er til gagns komandi kynslóðum. Með þessu er verið að gera landið betra og byggilegra og veita þjóðinni aukið öryggi í framtíðinni. Öllu, sem miðar að slíku, á að greiða fyrir, eftir því sem frekast eru tók til. Í ýmsum greinum þjóðlífsins virðast horfurnar nú ískyggilegar. Er þá ekki hyggilegt að greiða fyrir þeim umbótum, sem auka hjargræði þjóðarinnar í framtíðinni og öryggi?“